

Mál nr. 318/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er þjónn á hóteli A féll á eldhúsgólfi og slasaðist.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.10.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni sunnudagsins 12. júní 2016 var M að störfum sem þjónn á hóteli A og var á leið með hafragrautspott úr eldhúsi í borðsal. Rann hún þá til í bleyti eða fitu á eldhúsgólfinu með þeim afleiðingum að hún féll harkalega í gólfið og varð fyrir áverkum, einkum á vinstri olnboga.

Í tilkynningu vinnuveitanda um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 14. júní 2016, segir að þjónn hafi runnið í bleytu á gólfi og fallið með þeim afleiðingum að hún hafi olnbogabrotnað.

Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands um atvikið, dags. 4. október 2017, sem er undirrituð af M og vinnuveitanda, segir að M hafi verið að vinna við að framreiða morgunverð, runnið á sleipu gólfi með stóran pott í höndum og fallið á bakið og olnbogann með þeim afleiðingum að hann brotnaði.

Í sameiginlegri yfirlýsingu tveggja samstarfsmanna M umrætt sinn, dags. 17. ágúst 2017, kemur fram að gólfið hafi verið mjög sleipt eins og það hafi verið mjög oft og margoft hafi verið gerðar athugasemdir við það af starfsfólki, þar sem oft hafi legið við slysi þegar fólk var að vinna í eldhúsinu.

Strax eftir slysið var farið með M á heilsugæslustöð og síðan á sjúkrahús þar sem handleggurinn var settur í gifsspelku.

Faðir M gaf skýrslu um atvikið hjá lögreglu degi síðar, eða 13. júní 2016. Er þar greint frá atvikum í öllum veigamiklum atriðum eins og að framan greinir.

V hefur hafnað bótaskyldu og kveður aðstæður hafa verið óbreyttar þegar slysið var tilkynnt VER og lögreglu og A geti ekki borið ábyrgð á því að þessir aðilar hafi látið undir höfuð leggjast að rannsaka aðstæður á slystað. M beri því sönnunarbyrðina um það að slysið verði rakið til saknæms vanbúnaðar á slystað, en sú sönnun hafi ekki tekist. Þá kveður V að samkvæmt upplýsingum frá A sé eins gólf á umræddu eldhúsgólfi og sé víða á gólfum eldhúsa á hótelum, veitingastöðum og mötuneytum. Sé því mótmælt sem röngu að umrætt gólf hafi verið óvenju hált eða að starfsmenn hafi ítrekað kvartað vegna þess.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79 .gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slysi þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

M tilkynnti ekki um slysið til Vinnueftirlitsins fyrr en 14. júní 2016 er tveir dagar voru liðnir frá slysinu, en þá var liðinn sá frestur sem A hafði að lögum til að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins. Af hálfu A var enginn frekari reki gerður að því að slysið og tildrög þess yrðu rannsökuð. Eins og hér stendur á hvílir sönnunarbyrðin á A um það sem aðila greinir á um og hefði mátt fá upplýst ef rannsókn hefði farið fram strax í kjölfar þess að slysið varð.

Ekki er um það deilt að M datt á hálu eldhúsgólfinu er hún var við störf hjá A. M telur að gólfið sé svokallað „epoxy“ gólf sem geti verið mjög hált. Þá hafi bleyta og fita átt það til að sleitast á gólfið sem geri það enn sleipara. Þá hafi fituleysanlegt efni ekki verið til staðar til að þrifa gólfið með fullnægjandi hætti og þar af leiðandi hafi umhirðu gólfsins verið ábótavant. Þessum staðhæfingum M um gólfið og aðstæður á vinnustaðnum, sem eiga nokkra stoð í yfirlýsingu samstarfsfélaga M, hafa ekki verið hraktar af hálfu A. Verður að leggja þær til grundvallar við mat á ábyrgð A á slysinu. Verður slysið rakið til þessara aðstæðna sem verður að telja að hafi verið ófullnægjandi og til þess

fallnar að valda slysum eins og M varð fyrir. A ber því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og á M rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hótelsins A hjá V.

Reykjavík, 29. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.